

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2013

1311074HA VRH
Málalykill: 623


Efni: Þingsályktunartillaga um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 37. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 13. nóvember 2013, þar sem óskað er eftir umsögn Hafnasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 37. mál.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvar á landinu starfsemi Landhelgisgæslu Íslands er sett niður, en leggur áherslu á að Landhelgisgæslunni séu ávallt tryggðar nægjanlegar fjárveitingar til þess að standa undir verkefnum hennar sem felast í öryggis- og löggæslu, eftirliti, leit og björgun. Með öflugri starfsemi Landhelgisgæslunnar verður öryggi sjófarenda, fólksins í landinu og verndun auðlinda best tryggð.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Valur Rafn Halldórsson
starfsmaður Hafnasambands Íslands